# GJALDSKRÁ

**fyrir Hirðu, móttöku- og flokkunarstöð Húnaþings vestra 2013.**

1. gr.

Innheimt verður fyrir móttöku úrgangs sem hér segir:

Almenningur greiðir einungis fyrir úrgang sem ekki getur talist falla til við daglegan heimilisrekstur. Það á t.d. við um:

Úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis og lóða, s.s timbur, grófur og blandaður úrgangur.

Rekstraraðilar greiða fyrir móttöku alls úrgangs að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Stærð farms: | 0,25 (1/4) m³ | 0,50 (1/2) m³ | 0,75 (3/4) m³ | 1 m³ |
| Gjald: | 1.045 kr. | 2.090 kr. | 3.135 kr. | 4.180 kr. |

Starfsmaður Hirðu metur magn úrgangs og skrifar nótu á staðnum, þar sem hann og komuaðili kvitta báðir undir magn og gerð úrgangs.

2. gr.

Úrgangur án gjalds flokkaður án aðskotahluta.

Almenningur getur skilað eftirtöldum flokkuðum úrgangi í lúgur á girðingu Hirðu hvenær sem er sólarhrings, gjaldfrítt:

Pappír, dagblöð, tímarit, auglýsingabæklingar, skrifstofupappír, umslög og prentpappír (ekki brúna bréfpoka).

Umbúðir úr sléttum pappa, t.d. fernur, morgunkornspakkar, kartonpappír, brúnir bréfpokar, hólkar innan úr salernispappír, eldhúspappír og eggjabakkar úr pappa.

Hart plast, sjampóbrúsar, tómatssósubrúsar, skyrdósir, plastbakkar undan matvælum, tappar og lok (skilist lausir ekki á skrúfaðir).

Mjúkt plast, plastfilma, plastpokar ýmiss konar t.d. utan af brauði, harðfiski o.fl.

Bylgjupappi pappakassar, pizzakassar o.fl.

Málmar, niðursuðudósir, álpappír, álbox af sprittkertum, lok og tappar o.fl.

Gler/postulín, smærri hlutir s.s brotnir blómapottar, glerbrot o.fl.

Úrgangur skal vera án aðskotahluta og skola og hreinsa þarf burt allar efnaleifar áður en skilað er í lúgur. Áríðandi er að minnka ummál umbúða með því að brjóta saman fernur, öskjur og kassa.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 8. nóvember 2012, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum öðlast þegar gildi.

*Hvammstanga, 6. desember 2012.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2012